

Fundargerð 882. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, miðvikudaginn 29. apríl kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Rakel Óskarsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Daníel Jakobsson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Einnig mættu á fundinn Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, Rósa Guðbjartsdóttir, formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Einar Jón Pálsson, formaður Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Eggert Kjartansson, formaður Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, Hafdís Gunnarsdóttir, formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga, Þorleifur Karl Eggertsson, formaður Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, Hilda Jana Gísladóttir, formaður Eypings Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Einar Már Sigurðarson, formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi og Helgi Kjartansson, varaformaður Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.

Björn Þór Hermannsson og Tómas Brynjólfsson frá fjármálaráðuneytinu sátu svo fundinn undir lið 3.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 881. fundar - 1909023SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 881. fundar stjórnar sambandsins frá 24. apríl 2020.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta fundi sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

2. Staða mála vegna COVID-19 í einstökum landshlutum - 2003041SA

Formenn landshlutasamtaka gerðu grein fyrir stöðu mála innan hvers landshluta og ljóst að mikil óvissa ríkir út um allt land.

Eggert Kjartansson fór af fundi kl. 09:50.

3. Staða fjármála hins opinbera - 2003041SA

Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs sambandsins fór yfir stöðu og þróun í fjármálum sveitarfélaga. Að því loknu komu Björn Þór Hermannsson og Tómas Brynjólfsson frá fjármálaráðuneytinu inn á fundinn og

fóru yfir stöðu og þróun í fjármálum ríkisins.

4. Umræður um fjárhagastöðu hins opinbera og viðbrögð við þróuninni - 2003041SA

Rætt var um stöðu mála og eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

Fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga með formönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga haldinn þann 29.apríl 2020 áréttar fyrri bókun stjórnar sambandsins frá fundi 24.apríl sl. um nauðsyn þess að ríkisvaldið komi að málum með beinum fjárhagslegum stuðningi við sveitarfélögin og almennum og sérstökum aðgerðum að mæta þeirri stöðu sem komin er upp.

Ljóst er að aðstæður margra sveitarfélaga eru nú þegar með þeim hætti að erfitt getur verið að halda uppi nauðsynlegri nærþjónustu við íbúa. Því er mikilvægt að ríkissjóður komi frekar að málum, líkt og aðrar ríkisstjórnir á Norðurlöndunum, til að unnt sé að verja þjónustu og starfsemi sveitarfélaganna á landinu öllu.

Fundurinn krefst þess að ríkisstjórnin kalli sambandið nú þegar að borðinu til viðræðna um hlut sveitarfélaga í næsta aðgerðarþakka ríkisvaldsins.

Fundi var slitið kl. 10:55

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Bjarni Jónsson

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari